

Fyrsti fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar
Fundurinn haldinn 28. október 2010 við Hlíðarveg kl. 16.00

Fundargerð

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Agnes Ýr Sigurjónsdóttir foreldrafulltrúi, Kristín Anna Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna, Ægir Arnarsson fulltrúi nemenda, Kolbrún Helga Gunnlaugsdóttir fulltrúi nemenda, Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri. Kennarafulltrúa vantaði á fundinn.

Dagskrá:

1. Skipan skólaráðs

Skólaráð Grunnskóla Fjallabyggðar skipa: Fyrir hönd foreldra; Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir , Agnes Ýr Sigurjónsdóttir . Fyrir hönd kennara; María Bjarney Leifsdóttir og Mundína Bjarnadóttir, varamaður Sigríður Ingimundardóttir. Fyrir hönd annars starfsfólks; Kristín Anna Guðmundsdóttir stuðningsfulltrúi. Varamaður Sæbjörg Ágústsdóttir stuðningsfulltrúi. Fyrir hönd nemenda munu mæta þeir nemendur sem eiga sæti í nemendaráði skólans. Fulltrúi úr hópi grenndarsamfélags hefur ekki verið tilnefndur.

2. Reglugerð nr 1157/2008 um skólaráð skoðuð

Skólaráðsmenn skoðuðu reglugerð menntamálaráðuneytisins sem fjallar um skipan og störf skólaráðs í grunnskólum.

3. Upphaf nýs skóla

Skólastjóri sagði frá upphafi skólaárs og um leið þeim viðamiklu breytingum sem hafa orðið hjá unglingunum í Fjallabyggð. Við stofnun skólans var unglingadeildin sameinuð undir eitt þak við Hlíðarveg en yngri deildirnar eru áfram við Tjarnarstíg Ólafsfirði og Norðurgötu á Siglufirði.

4. Drög að skólareglum Grunnskóla Fjallabyggðar

Skólastjóri sagði frá starfi teyma við skólann og kynnti fyrstu drög að skólareglum sem teymi um innleiðingu Uppbyggingarstefnu hefur sett saman.

5. Önnur mál

Ákveðið að halda næsta fund í skólahúsinu við Tjarnarstíg í Ólafsfirði 2. desember kl. 10.00
Skólaráðsmenn gengu um skólabygginguna við Hlíðarveg til að kynna sér aðstæður.

Fleira ekki gert.

Jónína Magnúsdóttir

skólastjóri Grunnskóla Fjallabyggðar